

# Ósk um frestun á auglýsingu skipulags- og matslýsingar vegna vindorkuvirkjunar að Hróðnýjarstöðum

Þann 20. febrúar 2018 samþykkti sveitarstjórn Dalabyggðar að fela Eflu verkfræðistofu að taka saman skýrslu um stefnumótun og heildarúttekt á vindorku í Dalabyggð. Þann 14. júlí 2018 var þessi skýrsla birt á heimasíðu Dalabyggðar. Í skýrslunni segir að í henni hafi Efla tekið saman viðmið og almennar leiðbeiningar fyrir sveitarfélagið að nota við stefnumótun vegna nýtingar vindorku innan sveitarfélagsins.

Í kafla **3.1 Stefnumótun um vindorku**, segir: „Langtíma stefnumótun varðandi vindorku eykur líkur á aukinni sátt um verkefni og betri ímynd fyrir sveitarfélagið. Tilgangurinn með þessari samantekt og umfjöllun um helstu áhrifaþætti, skilgreiningu viðmiða og forsenda er að setja fram tillögur að lausnum er snúa að vindorkumálum og samræma mögulega vindorkunýtingu með stefnu sveitarfélags hvað varðar nýtingu orkulinda. Með slíkri forvinnu getur sveitarfélagið stýrt betur uppbyggingu vindorku og haft til þess langtímasjónarmið að leiðarljósi.“ Ekkert hefur komið fram sem bendir til að sveitarstjórn hafi markað sér slíka stefnu.

Í kafla **2.3 Áherslur og áhrifaþættir**, segir: „Meta þarf áhrif nýtingar vindorku á samfélagið. Leiðir til þess eru t.d. virkt samráð frá fyrstu stigum til að meta viðhorf hagsmunaaðila (heimamanna) og almennings til vindorku á þeim svæðum sem þykja koma til greina.“. Einnig segir í sama kafla: „Í upphafi verkefna er mikilvægt að hafa samráð við íbúa, landeigendur og aðra hagsmunaaðila. Gagnlegt er að útbúa samskiptaáætlun sem byggir á því að kynna verkefnið áður en það fer í rannsóknafasa og/eða lögbundið framkvæmdaferli/matsferli. Leiðir sem hægt er að nýta inn í samskiptaáætlun og kynningarferli eru t.d. eftirfarandi:

- Fundur með sveitarstjórn og skipulags- og byggingarfulltrúa.
- Íbúafundur þar sem verkefnið er kynnt.
- Upplýsingaflæði um verkefnið í gegnum allt ferlið með reglubundnum kynningarfundum ásamt aðgengilegum upplýsingasíðum.“

Á þeim tæpu tveimur árum sem liðin eru síðan þetta byrjaði hefur sveitarstjórn ekki í eitt einasta skipti sett sig í samband við íbúa og hagsmunaaðila að eigin frumkvæði. (Íbúafundur 31. janúar 2018 verður ekki talinn með þar sem á honum var sveitarstjórn ekki með neitt innlegg heldur var eina kynningin sem boðið var uppá frá eigendum Hróðnýjarstaða). Þvert á móti hafa hagsmunaaðilar þurft að hafa mikið fyrir því að útvega upplýsingar og fá svör við spurningum.

Við förum fram á að ráðleggingar Eflu sem fram koma í skýrslunni séu ekki virtar að vettugi heldur sé íbúum og hagsmunaaðilum boðið til samræðu og samráðs um þessi mál líkt og lagt er til. Slíkt er forsenda þess að við getum tekið þátt í umræðunni á jafnræðisgrundvelli.

Við undirrituð óskum eftir því að sveitarfélagið fresti auglýsingu skipulags og matslýsingar vegna vindorkuvirkjunar að Hróðnýjarstöðum þar til mörkuð hefur verið stefna vegna nýtingar vindorku innan sveitarfélagsins og gerð samskiptaáætlun varðandi þetta einstaka mál líkt og mælt er með í skýrslu Eflu frá júlí 2018. Óskum einnig eftir að frestur til að skila inn athugasemdum við áður nefnda matslýsingu verði framlengdur þar til beiðni þessi hefur verið tekin til afgreiðslu.

Dalabyggð, 19. maí 2019

Arnór Björnsson, Ljárskógum ([arnor1307@gmail.com](mailto:arnor1307@gmail.com))

Bjarnheiður Magnúsdóttir, Glerárskógum ([bjarma10@gmail.com](mailto:bjarma10@gmail.com))

Björk Magnúsdóttir, Glerárskógum ([bjork@magnus.is](mailto:bjork@magnus.is))

Haraldur Reynisson, Vígholtsstöðum (Húsholt) ([haraldurr@rvkskolar.is](mailto:haraldurr@rvkskolar.is))

Melkorka Benediktsdóttir, Vígholtsstöðum ([melb.ss@simnet.is](mailto:melb.ss@simnet.is))

Sigurbjörn Sigurðsson, Vígholtsstöðum ([melb.ss@simnet.is](mailto:melb.ss@simnet.is))

Sigurborg H. Sigurbjörnsdóttir, Vígholtsstöðum (Melholt) ([bogga.svenni@simnet.is](mailto:bogga.svenni@simnet.is))

Sigurður Sigurbjörnsson, Vígholtsstöðum ([siggi@budardalur.is](mailto:siggi@budardalur.is))

Smári Hjaltason, Ljarkoti ([smari.hjaltason@gmail.com](mailto:smari.hjaltason@gmail.com))

Steinar Karlsson, Glerárskógum ([bjork@magnus.is](mailto:bjork@magnus.is))

Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir, Vígholtsstöðum (Húsholt) ([steinunn808@gmail.com](mailto:steinunn808@gmail.com))

Sveinn Sigurðsson, Vígholtsstöðum (Melholt) ([bogga.svenni@simnet.is](mailto:bogga.svenni@simnet.is))

Sævar Hjaltason, Ljarkoti ([mjolk@simnet.is](mailto:mjolk@simnet.is))

Viðar Waage, Glerárskógum ([vidar@waage.is](mailto:vidar@waage.is))